

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 357/2010

2011/EES/5/36

frá 23. apríl 2010

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón afsáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008 frá 8. ágúst 2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽²⁾ eru verklagsreglur um flugvernd varðandi birgðir af vökva og poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá. Sú reglugerð verður hins vegar felld úr gildi frá og með 29. apríl 2010.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽³⁾ kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 820/2008. Í reglugerð (ESB) nr. 185/2010 eru ekki neinar verklagsreglur um flugvernd varðandi birgðir af vökva og poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá.
- 3) Í því skyni að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi, sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu, skulu verklagsreglur um flugvernd gilda um birgðir af vökva,

úðæfnum og geli og poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem seld eru á flugsvæðum flugvalla í Evrópusambandinu. Því er nauðsynlegt að fella þær inn í reglugerð (ESB) nr. 185/2010.

- 4) Reglugerð (ESB) nr. 185/2010 kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010. Brýnt er að þessi reglugerð taki gildi því hún kemur til framkvæmda frá og með sama degi.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 221, 19.8.2008, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1. Í 8. kafla bætist eftirfarandi liður 8.3 við:

„8.3 VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM FLUGVERND FYRIR BIRGÐIR AF VÖKVA, ÚÐAEFNUM OG GELI (LAG) OG AF POKUM MEÐ INNSIGLI, SEM SÝNIR HVORT ÁTT HAFI VERIÐ VIÐ ÞÁ (STEB), TIL NOTKUNAR UM BORÐ

1. Birgðir af pokum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, til notkunar um borð skulu afhentar í umbúðum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þær, á flugsvæði eða haftasvæði flugverndar.
2. Frá því fyrst er tekið á móti þeim á flugsvæði eða á haftasvæði flugverndar og þar til þau eru seld um borð í loftfarinu skulu vökvur, úðæfni og gel og pokar með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, varin gegn óheimilum aðgangi.
3. Í sérstakri ákvörðun er mælt fyrir um ítarleg ákvæði að því er varðar viðbótarákvæði um flugvernd varðandi birgðir af vökvum, úðæfnum og geli og pokum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, til notkunar um borð.“

2. Í 9. kafla bætist eftirfarandi liður 9.3 við:

„9.3 VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM FLUGVERND FYRIR BIRGÐIR AF VÖKVA, ÚÐAEFNUM OG GELI OG AF POKUM MEÐ INNSIGLI, SEM SÝNIR HVORT ÁTT HAFI VERIÐ VIÐ ÞÁ

1. Birgðir af pokum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, skulu afhentar í umbúðum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þær, á flugsvæði fyrir innan þann stað þar sem eftirlit með brottfararspjöldum fer fram eða á haftasvæði flugverndar.
 2. Frá því fyrst er tekið á móti þeim á flugsvæði eða á haftasvæði flugverndar og þar til þau eru seld á afgreiðslustöðum skulu vökvur, úðæfni og gel og pokar með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, varin gegn óheimilum aðgangi.
 3. Í sérstakri ákvörðun er mælt fyrir um ítarleg ákvæði að því er varðar viðbótarákvæði um flugvernd varðandi birgðir af vökvum, úðæfnum og geli og pokum með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá.“
-